

**549. fundur bæjarráðs
haldinn í bæjarráðssal, fimmtudaginn 25. ágúst 2016
og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Hafdís Bjarnadóttir formaður, Katrín Gísladóttir (KG) aðalmaður, Lárus Ástmar Hannesson (LÁH) varamaður, Sturla Böðvarsson bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Dagskrá:

1. 1607002F - Skipulags- og bygginganefnd - 200

Fundargerð framlögð.

1.1. 1310011 - Reitarvegur - deiliskipulag

Lagt er fram bréf dags. 29. apríl 2016 frá eigendum Reitarvegs 8 vegna fyrirhugaðs deiliskipulags við Reitarveg, ásamt skissum sem sýna snið í hæðarmælingar á svæðinu.

Ekki er hægt að vera við kröfum sem eru undir lið 1 og er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að vinna áfram í málinu miðað við drög dags. 08.08.2016.

Lið nr. 2 er vísað til bæjarstjórnar.

Athugasemdir frá eigendum Reitarvegs 8.

1) Óskum eftir að við gerð nýrrar götu þá verði hún að lágmarki í átta metra fjarlægð frá húsi sé þess nokkur kostur.

2) Þegar kemur að framkvæmdum við áðurnefnda götu verði tryggt að lóðarhafar greiði ekki gatnagerðargjöld af þeim framkvæmdum.

3) Þar sem bílastæði verða takmörkuð að framanverðu þá viljum við að gert verði ráð fyrir aðgengi húseigenda að baklóð hússins með götu í líkingu við götuna sem var þar áður og gæfi möguleika á bílastæðum við suðurgafllinn.

Afgreiðsla nefndar samþykkt. Bæjarráð lýsir því yfir að eigendur verbúða að Reitarvegi 8 munu ekki þurfa að greiða gatnagerðargjöld vegna lagningu götu samkvæmt deiliskipulagi.

1.2. 1504034 - Lágholt 15 - byggingarleyfi

Pétur Ágústsson, kt.250346-4259 fyrir hönd Hólmurinn ehf, kt.511072-0349 sækir um byggingarleyfi við austurhluta hússins til að gera innangengt úr íbúðinni í herbergi í viðbyggingu og þar með að

gera húsið að einni heildstæðri íbúð, samkvæmt uppdráttum frá Onyx. Erindi var frestað á fundi 198 og grenndarkynnt fyrir Lágiholti 7a og 7b og Árnatúni 6. Grenndarkynningu lauk 12.07.2016 og bárust enginn bréf.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfið að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Afgreiðsla nefndar samþykkt.

1.3. 1608001 - Garðaflöt 6 - girðing og klæða bílskúr

Elsa Jóhannesdóttir van der Zwet, kt.060661-3169 sækir um að klæða bílskúr og girða lóð fyrir fram hús og aftan, samkvæmt uppdráttum frá Berglindi Sigv.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið. Breytingarnar falla undir gr.2.3.5 liði C og F í byggingarreglugerð. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að gefa út leyfi samkvæmt gr.2.3.6 í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum. (DJ) situr hjá undir þessum lið.

Afgreiðsla nefndar samþykkt.

1.4. 1608004 - Bókhliðustígur 15 - Breytingar utanhúss

Gunnar Jónsson, kt.030573-5609 sækir um að fá að setja hurð út úr eldhúsi í stað glugga, samkvæmt uppdráttum frá Hjörleifi Sigurþórssyni BFI.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið, þó með fyrirvara um samþykki Minjastofnunar Íslands vegna aldurs hússins. Breytingarnar falla undir gr.2.3.5 liði C í byggingarreglugerð. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að gefa út leyfi samkvæmt gr.2.3.6 í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Afgreiðsla nefndar samþykkt.

1.5. 1608003 - Aðalgata 9 - Fyrirspurn

Ragnar Már Ragnarsson, kt.200373-5109 fyrir hönd Þórnýjar Baldursdóttur, kt.200775-3769 leggur inn fyrirspurn um grenndarkynningu vegna byggingar á lóð Aðalgötu 9, samkvæmt uppdraetti frá Ragnar Már Ragnarssyni BFI. Með umsókninni fylgir bréf dags. 05.08.2016.

Skipulags- og byggingarnefnd frestar afgreiðslu og óskar eftir grenndarkynningu samkvæmt gr. 44 í skipulagsreglugerð nr. 123/2010, þar sem ekki er til deiliskipulag af svæðinu. Grenndarkynnt verður fyrir Víkurgötu 1 og 2 og Aðalgötu 8 og 10.

Afgreiðsla nefndar samþykkt.

1.6. 1606014 - Víkurgata 1 - Lóðarblað

Lagður er fram nýr lóðarleigusamningur og lóðarblað vegna

Víkurgötu 1 eftir vegaf framkvæmdir.
Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við erindið.

Lóðaleigusamningur og lóðablað vegna Víkurgötu 1 samþykktur.

1.7. 1608002 - Reitarvegur 29 - Lóðarblað og lóðarleigusamningur

Lagður er fram nýr lóðarleigusamningur og lóðarblað til samþykktar fyrir Reitarveg 15, ásamt því að Reitarvegur 15 verður Reitarvegur 29 framvegis.

Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við erindið, með fyrirvara um samþykki þinglýsts eiganda.

Lóðaleigusamningur og lóðablað vegna Reitarvegur 29 samþykktur.

1.8. 1408002 - Vatnsás - Götunöfn

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir nöfnum á nýjar götur í Vatnsásdeiliskipulagi.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til nöfnin Klapparás fyrir götuna upp á ásnunum og Mýrarás fyrir götuna neðan við ásinn.

Bæjarráð samþykkir nöfnin Klapparás fyrir götuna upp á ásnunum og Mýrarás fyrir götuna neðan við ásinn.

Fundargerð samþykkt.

2. 1608007 - Bráðabirgðauppgjör fyrstu 6 mánuði ársins 2016

Framlagt.

3. 1608010 - Framkvæmd nýrra laga um almennar íbúðir, bréf sent 13.07.2016

Framlagt til kynningar og vísað til frekari skoðunar í bæjarráði.

4. 1608016 - Framvinda framkvæmda við byggingu Amtsbókasafns og skólabókasafns

Bæjarstjóri gerði grein fyrir framvindu framkvæmda við byggingu Amtsbókasafns og skólabókasafns.

5. 1608019 - Tölvupóstur frá Ferðamálastofu 17.8.16. varðandi vetrarþjónustu við húsbíla

Framlagt og samþykkt að leita umsagnar Golfklúbbsins Mostra og Eflingar Stykkishólms, varðandi erindi Ferðamálastofu.

6. 1608022 - Landsfundur jafnréttisnefnda 2016 16. sept. og ráðstefna 15. sept

Framlagt.

7. 1608020 - Heilbrigðisnefnd Vesturlands - Fundargerðir 136. og 137. fundar

Fundargerðir framlagðar.

8. 1608028 - Fundargerð stjórnarfundar og aðalfundar FSS haldinn 23.8.2016

Fundargerðir framlagðar og vísað til frekari afgreiðslu á næsta bæjarráðsfundi.

9. 1607010 - Fyrirspurn varðandi lóð fyrir hús sem á að flytja frá Reykjavík, dags.21.07.2016

Lagt fram til kynningar.

10. 1607011 - Erindi vegna Hansasamstarfs, dags.21.07.2016

Framlagt.

11. 1608011 - Ósk um tilnefningu í samráðshóp um rannsóknir og nýtingu þangs og þara við Breiðafjörð 15.07.2016

Samþykkt að tilnefna Írisi Huld Sigurbjörnsdóttur og Símon Mór Sturluson. Lárus sat hjá.

12. 1608008 - Viðræður um sameiningu sveitarfélaganna Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Eyja og Miklaholtshrepps og Stykkishólmsbæjar

Bæjarstjóra falið að undirbúa viðræður við Grundarfjarðarbæ og Helgafellssveit.

13. 1608012 - Erindi frá Velferðarráðuneyti vegna kostnaðar kennslugagna í grunnskólanum

Framlagt.

14. 1608013 - Rekstur safna

Bæjarstjóri gerði grein fyrir hugmyndum um samvinnu safna í Stykkishólmi í samræmi við tillögur rekstrarráðgjafa. Jafnframt er bæjarstjóra falið að leita samstarfs safna í Stykkishólmi með Þjóðgarði Snæfellsness og Svæðisgarði Snæfellsness.

15. 1608014 - Umsókn Útgerðarfélagsins Rán ehf 640395-2069 Kristján Berntsson 070270-3749 Eydis Jónsdóttir 010474-5589

Erindinu frestað.

16. 1608015 - Hugmyndir Reynis Vilhjálmssonar landslagsarkitekts um

endurgerð Saurláturshúss

Lagt fram til kynningar.

17. 1608017 - Skipulag miðbæjar og hús við Frúarstíg

Framlagt. Bæjarstjóra falið að boða til kynningarfundar um tillögur Glámu Kím að deiliskipulagi miðbæjar.

18. 1608018 - Endurgerð Samkomuhúss Aðalgötu 6

Framlagt til kynningar.

19. 1608023 - Sala iðnaðarhúss að Hamraenda 3

Bæjarstjóra veitt heimild að auglýsa húsnæðið að Hamraendum 3 til sölu.

20. 1608024 - Upplýsingar um skráð félög í Stykkishólmi sem hafa rekstrarleyfi til gistipjónustu og veitingastarfsemi

Framlagt til kynningar.

21. 1608025 - Umsókn um lóðir fyrir íbúðarhús f.h. Hjálmars Jónssonar dags. 23.8.16

Umsókn lögð fram til kynningar. Skipulags-og bygginganefnd falið að fjalla um málið.

22. 1608026 - Framkvæmdir vegna gatnagerðar, dags. 25.08.2016

Bæjarstjóri gerði grein fyrir verðkönnunum í fyrirhugaðar gatnagerðarframkvæmdir. Stefnt er að því að bjóða út gatnagerð á Skólastíg og Hjallatanga snemma á næsta ári og stefnt á framkvæmdir snemma sumars 2017.

23. 1608027 - Heimild til framsals lóðaréttinda

Bæjarstjóra veitt heimild að ganga frá heimild til framsals á lóðaleiguréttindum vegna Nýræktar nr. 11 og 17

24. liður Fyrirspurn frá Lárusi varðandi störf í Stykkishólmi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:28
